

Tillaga

Valnefnd um heilsumiðstöð á 2. hæð í Miðgarði leggur til við bæjarráð Garðabæjar að gengið verði til samninga við Sjúkrahjálfun Garðabæjar um rekstur og starfsemi í umræddu rými.

Greinargerð

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti þann 18. ágúst 2022 að fela íprótta- og tómstundaráði (ÍTG) að vinna tillögu um ráðstöfun 600 fermetra rýmis á 2. hæð í fjölnota ípróttahúsinu Miðgarði. Tillagan var lögð fram af Hrannari Braga Eyjólfssyni, formanni ÍTG, og Hörpu Rós Gísladóttur, formanni öldungaráðs. Markmiðið með ráðstöfun rýmisins var að skapa aðstöðu sem nýtist sem flestum bæjarbúum – bæði ungum og öldnum – og styðji við fjölbreytta starfsemi á sviði íprótta, lýðheilsu og forvarna.

Við mótun tillögunnar var lögð sérstök áhersla á að horfa til ólíkra hópa samfélagsins – þar með talið einstaklinga með fötlun, keppnis- og afreksípróttafólks, og þeirra sem stunda almenna hreyfingu. Þá var jafnframt lögð áhersla á samráð við frjáls félög, ungmennaráð, öldungaráð, íbúa bæjarins og aðra viðeigandi aðila. Einnig var lögð áhersla á að skapa rými fyrir sjálfstætt starfandi aðila og félagasamtök sem sinna heilsutengdri þjónustu.

Rýmið var boðið út til leigu í febrúar/mars 2025, en engin tilboð bárust. Í framhaldi af því skipaði bæjarráð Garðabæjar sérstaka valnefnd til að vinna áfram að málinu. Í nefndina voru skipuð:

- Hrannar Bragi Eyjólfsson
- Harpa Rós Gísladóttir
- Brynja Dan Gunnarsdóttir

Hlutverk nefndarinnar var að hafa samband við þá aðila sem höfðu sýnt verkefninu áhuga og jafnframt að safna og meta nýjar hugmyndir og samstarfsaðila sem gætu fallið að markmiðum og hlutverki Miðgarðs. Með nefndinni störfuðu Kári Jónsson, íprótta- tómstunda- og forvarnafulltrúi, Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs og Guðbjörg Brá Gísladóttir, sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs. VSÓ ráðgjöf var nefndinni til halds og trausts og aðstoðaði hana með því að halda utan um verkefnið.

Valnefndin sendi í júní bréf til þeirra sjö aðila sem sóttu gögn í útboðinu, auk annarra sem starfa á sviði heilsutengdrar þjónustu. Þessum aðilum var boðið á kynningu í Miðgarði þar sem rýmið var kynnt og samtal opnað um mögulegt samstarf. Sjö aðilar þáðu boðið og voru kynningarfundir haldnir í lok júnímánaðar 2025. Í kjölfarið sendi valnefnd út spurningalista til þessara aðila til að afla frekari upplýsinga.

Fjórir aðilar skiluðu inn svörum innan tilskilins frests. Nefndin fór yfir svörin og lagði mat á þau með hliðsjón af fyrirfram ákveðnum viðmiðum, sem tryggði jafnræði og hlutlæga nálgun í matsferlinu. Að því loknu var þessum fjórum aðilum boðið að mæta á kynningarfund með nefndinni þar sem þeir kynntu hugmyndir sínar og svöruðu spurningum nefndarmanna. Þessir fundir fóru fram 1. og 4. september 2025.

Við mat og val á aðilum horfði valnefnd sérstaklega til þess hvernig hugmyndir umsækjenda um innréttingu rýmisins samræmdust hugmyndum Garðabæjar, bæði hvað varðar stærðarþörf og þátttöku bæjarins í útfærslu. Þá var litið til þess hvort fyrirhuguð starfsemi væri í samræmi við markmið bæjarins um fjölbreytta og aðgengilega heilsutengda þjónustu, meðal annars með tilliti til þjónustuframboðs, markhópa, fjölda meðferðaraðila, opnunartíma, bílastæðaparfar, hópatíma og nýtingar annarra rýma hússins, þar á meðal á 3. hæð. Einnig var lagt mat á hugmyndir umsækjenda um samstarf við aðra notendur hússins og nýtingu samverurýma og fjölnotasala með það fyrir augum að tryggja samþættingu þjónustu og góða samvinnu í húsinu. Auk þess horfði nefndin til væntinga aðila um leiguverð og þess hve fljótt þeir gætu fyllt rýmið með meðferðaraðilum og tryggt að fermetrarnir yrðu fullnýttir í samræmi við markmið bæjarins.

Eftir ítarlega yfirferð gagna, kynninga og samtala komst valnefnd að sameiginlegri niðurstöðu á fundi sínum þann 4. september 2025. Niðurstaðan er að leggja til að gengið verði til samninga við Sjúkrahjálfun Garðabæjar um rekstur heilsumiðstöðvar á 2. hæð í Miðgarði.

Sjúkrahjálfun Garðabæjar hefur sýnt fram á langa og trausta reynslu af rekstri sjúkrahjálfunarstöðvar. Sjúkrahjálfun Garðabæjar hefur rekið sjúkrahjálfunarstöð í bænum síðan 1989. Stöðin hefur nægan fjölda meðferðaraðila til að tryggja faglega og fjölbreytta þjónustu og tilhlýðilega sérfræðipekkingu sem fellur að markmiðum Garðabæjar um að veita íbúum bæjarins öfluga heilsutengda þjónustu í Miðgarði. Valnefnd telur að þessi atriði geri aðilann best til þess fallinn að uppfylla þau markmið sem sett voru fram í upphafi um ráðstöfun rýmisins – að stuðla að lýðheilsu, hreyfingu og forvörnum fyrir sem breiðastan hóp bæjarbúa.